

fjölskylduna, með öðrum orðum, fara alfarinn til Ameríku — hann „Ófeigur í Skörðum.“

Honum hafði ekki lánast búskapurinn sérstaklega vel, enda hafði hann fyrir stórrí fjölskyldu að sjá. Hann var óánægður með stjórnarskrána frá 1874, — þótti hún vera allt annað en „frelsissskrá í föðurhendi“. Hann vildi sjálfstjórn. Honum líkaði ekki sveitarstjórnarlögin, og tilskipun um vinnuhjú. Hann vildi láta fullvita og fullveðja menn ráða sér sjálfa, hvort heldur þeir væru giftir eða ógiftir, ríkir eða fátækir. Hann var sáránægður með kyrkju- og kennslumála fyrirkomulagið; hann vildi láta kenna börnum og unglingum fyrst af öllu það, sem þeim mætti að gagni verða í lífsbaráttunni, og honum þótti það hart að vera þvingaður til þess með lögun, að gjalda full gjöld til prests og kyrkju, hvort sem hann væri kaþólskur, lútherskur, Mormóni eða Múhamedíti, og hvort sem hann notaði prestinn og kyrkjuna eða ekki. Enda fór svo, þegar prestaskiftin urðu, og nýi presturinn fór að grennslast eftir trúarlífinu í söfnuðinum, að Ófeigur neitaði að viðurkenna hann sem sinn prest, — neitaði að ganga til altaris og afsagði að láta ferna þau af börnum sínum, sem til þess höfðu aldur. Af þessum ástæðum komst Ófeigur í Skörðum í ónád hjá prestinum, sóknarbændunum, sveitarstjórninni, hreppstjóranum og heldra fólkinu — jafnvel sjálfum sýslumanninum, svo hann kaus það ráðið, að flytja af landi burt og verða frjáls; og nú störfðu allir á Ófeig, þar sem hann réri út á skipalægið, alveg steinhissa á því, að hann skyldi vera að flytja til Ameríku — fyrir svona sínámuni! . . .

Eins og flestir aðrir kom Ófeigur í Skörðum hingað með hjartað fullt af framtíðar vonum og fögnuði yfir því, að vera nú kominn inn á fyrirheitna landið — frelsislandið, sem hann hafði svo lengi þráð — því Ófeigur elskaði frelsið.

Undir eins og Ófeigur var kominn þangað, er hann ætlaði að setjast að, fór hann að vinna; og þó launin hans væri ekki há, þá voru þau samt nægileg til að veita honum allt það, sem almennt er kallað daglegt brauð. Að vísu græddist honum ekki fé, en hann var ánægður, sjálfstæður og frjáls. Nú var hann laus við vinnuhjúalög og hreppapólitík, þjóðkyrkjusambandið og allt það, sem honum hafði geðjast verst að í lífinu. Allir, sem